

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

432. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 28. ágúst 2020. Fundurinn var settur kl. 07:34 og frestað klukkan 09:09 sama dag til 4. september 2020. Fundi var fram haldið klukkan 07:34 4. september. Fundurinn er haldinn á skrifstofu SORPU bs. að Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík en er jafnframt fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt:

Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestur á fundinum er Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður. Haraldur Flosi vék af fundi undir lið 11.2.

Theodór S. Sigurbergsson endurskoðandi og Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkur, sitja fundinn undir lið 2.

Jón Viggó Gunnarsson, sérfræðingur í markaðs- og tækniþróun, situr fundinn undir lið 5.

Líf Magneudóttir, Helgi Þór Ingason, Guðrún Eva Jóhannesdóttir og Haraldur Flosi Tryggvason sóttu fundinn á Gylfaflöt 5. Gunnar Dofri Ólafsson sat fundinn á skrifstofu SORPU bs. 28. ágúst en sótti fundinn með fjarfundarbúnaði 4. september. Aðrir fundarmenn sóttu fundinn með fjarfundarbúnaði.

Tekið fyrir:

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Skýrsla framkvæmdastjóra og staða og horfur í rekstri og fjárfestingum rædd.

2. 6 mánaða uppgjör

Guðrún Eva Jóhannesdóttir fer yfir 6 mánaða uppgjör ásamt Theodóri S. Sigurbergssyni og Lárusi Finnbogassyni. Málið rætt. Uppgjörið var samþykkt af öllum stjórnarmönnum.

Stjórn bókar að fjármálastjóri SORPU fari reglubundið yfir stöðu krafna samlagsins og þróun þeirra.

3. Drög að áætlun 2021

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fara yfir helstu forsendur áætlunar og kynna vinnuferlið framundan. Málið rætt.

4. Staðan í uppkeyrslu móttöku- og flokkunarstöðvar og GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu uppkeyrslu móttöku- og flokkunarstöðvar og GAJA. Tafir á verkefnum hafa leitt til kostnaðarauka. Ástæður tafa ræddar. Málið rætt og óskað eftir minnisblaði á næsta fundi stjórnar.

5. Markaðsþróun vegna metans og moltu, staðan

Jón Viggó Gunnarsson gerir grein fyrir stöðu á sölu metans og ráðstöfun moltu. Málið rætt.

6. Minnisblað um IT mál, m.a. endurnýjun fjárhagskerfis

Minnisblað kynnt.

7. Fyrirætlanir um umbætur á fyrirkomulagi innkaupa

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir greiningu á stöðu innkaupamála og áætlun um umbætur sem til stendur að gera á innkaupamálum SORPU.

8. Áætlun um samráðsferli vegna grænna gjaldskráa

Gunnar Dofri Ólafsson gerir grein fyrir áætlun SORPU um samtal við samfélagið vegna grænna gjaldskráa. Málið rætt.

9. Minnisblað um fyrirkomulag endurvinnslustöðva

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað frá Guðmundi Tryggva Ólafssyni, rekstrarstjóra endurvinnslustöðva, um fyrirkomulag endurvinnslustöðva. Málið rætt og ákveðið að vísa því til eigendafundar 7. september.

10. Ráðningarferli framkvæmdastjóra

Stjórn ræðir fyrirhugað ráðningarferli framkvæmdastjóra. Stjórn ákveður samhljóða að fela formanni og varaformanni að hefja ráðningarferlið með því að leita tilboða vegna ráðgjafar við ráðningu framkvæmdastjóra.

11. Önnur mál

11.1. Ársskýrsla 2019

Framkvæmdastjóri leggur fram ársskýrslu SORPU ársins 2019.

11.2. Framhald á samningi við Harald Flosa Tryggvason

Líf Magneudóttir leggur til að formanni og varaformanni verði falið að gera nýjan samning við Harald Flosa Tryggvason og að hann haldi áfram störfum sem ráðgjafi stjórnar við afmörkuð verkefni. Stjórn samþykkir tillöguna einróma.

11.3. Áhættustefna

Framkvæmdastjóri leggur til að Gunnar Tryggvason verkfræðingur verði fenginn til að leiða vinnustofu með stjórn og helstu stjórnendum SORPU til að móta áhættustefnu fyrir SORPU. Stjórn samþykkir tillöguna einróma.

11.4. Málshöfðun fyrrverandi framkvæmdastjóra gegn SORPU

Haraldur Flosi Tryggvason gerir stjórn grein fyrir stöðu mála vegna málshöfðunar Björns H. Halldórssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra SORPU, á hendur SORPU vegna uppsagnar hans.

12. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 28. september klukkan 14:15.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:07 4. september 2020.